

Fyrirtækjaþjónusta

Með Fyrirtækjaþjónustu fá fyrirtæki aðgang að öruggu og hraðvirku dreifikerfi, auk þess að eiga greiðari leið að þeirri fjölbreyttu þjónustu sem í boði er.

Komið er með allar póstsendingar til fyrirtækja. Fyrirtækjaþjónustan sækir einnig póstsendingar frá fyrirtækjum og póstleggur þær. Hægt er að gera tollskýrslur fyrir fyrirtæki, vélfrímerkja og útvega ýmsar pósttengdar, vörur s.s. frímerki, umslög, umbúðakassa og fylgibréf. Áframsending úr pósthólfi er ekki innifalin í mánaðargjaldinu.

Pósturinn kemur á ákveðnum tíma dags og sækir. Á Höfuðborgarsvæðinu geta fyrirtæki valið hvort komið er til þeirra milli klukkan 8-12 og/eða klukkan 13 -16, ef fyrirtæki velja fastan tíma þá greiðist aukalega fyrir það. Hægt er að velja um að fá fyrirtækjaþjónustu einu sinni eða tvisvar á dag. Þjónustan er 5 daga vikunnar, en auk þess er hægt að velja um að fá þjónustuna eingöngu 2-3var í viku. Einnig er hægt að óska eftir aukaferðum ef á þarf að halda. Aukaferðir eru ekki innifaldar í mánaðargjaldinu og er greitt fyrir þær sérstaklega. Pósturinn býður upp á að fyrirtæki fái sendibíl með og án lyftu. Það er ekki innifalið í verði fyrirtækjaþjónustunnar að koma með sendingar þegar um lyftubíla er að ræða.

Stærðarmörk

Lítill bíll – Sendibíll án lyftu

- Stakar sendingar ekki þyngri en 20 kíló
- Heildarrúmmál sendinga í hverri heimsókn sé ekki meiri en 0,2 rúmmetrar

Stór bíll – Sendibíll með lyftu

- 8 m³ til 14 m³

Þjónustu- og gæðastaðlar

Bílstjórar hafa 15 mín. svigrúm (+/-) gagnvart þeim tíma sem hefur verið samið um.

Þjónustusvæði

Lítill bíll - Sendibíll án lyftu:

- Höfuðborgarsvæðið
 - nema pnr. 116
- Reykjanesbær
- Grindavík
- Akranes
- Borgarnes
- Stykkishólmur
- Hellissandur
- Búðardalur
- Ísafjörður
- Bolungarvík
- Patreksfjörður
- Blönduós

- Skagaströnd
- Sauðárkrókur
- Siglufjörður
- Akureyri
- Dalvík
- Ólafsfjörður
- Húsavík
- Egilsstaðir
- Reyðarfjörður
- Eskifjörður
- Neskaupsstaður
- Höfn
- Selfoss
- Hveragerði
- Þorlákshöfn
- Vestmannaeyjar

Sendibíll með lyftu:

- Höfuðborgarsvæðið
 - Nema pnr 116.
- Akureyri

Verðskrá

Greitt er mánaðargjald samkvæmt stærð bíls og tíðni ferða á dag. Þeir sem fá sendibíl án lyftu á hverjum virkum degi en þurfa stærri bíl einn og einn dag greiða fyrir þá aukalega samkvæmt verðskrá.

Afslættir

Ekki eru veittir afslættir af fyrirtækjaþjónustu.

Reikningsviðskipti

Öll viðskipti við Fyrirtækjaþjónustuna eru reikningsfærð og eru reikningar sendir út í byrjun hvers mánaðar. Ef fyrirtæki eru ekki í reikningsviðskiptum þarf að sækja um reikningsviðskipti með því að fylla út sérstakt eyðublað. Hagdeild Póstsins meðhöndlar allar umsóknir. Uppsögn á fyrirtækjaþjónustu þarf að tilkynna til þjónustufulltrúa Fyrirtækjaþjónustu skriflega eða með tölvupósti og tekur uppsögn gildi fyrsta virka dag næsta mánaðar.